

**Sp.**

**83. Tillaga til þingsályktunar**

[75. mál]

um kaup og sölu notaðra bifreiða.

Flm.: Eišur Guðnason, Vilmundur Gylfason, Árni Gunnarsson,  
Bragi Sigurjónsson, Bragi Nielsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir með breytingum á þar að lútandi lögum og reglugerðum til að tryggja hagsmuni almennings gagnvart einstaklingum og fyrirtækjum er stunda verslun með notaðar bifreiðar.

**Greinargerð.**

Undanfarnar vikur hafa verið tíðar fréttir í fjölmiðum af svikum og prettum í tengslum við viðskipti með notaðar bifreiðar. Er slíkt raunar ekki nýtt af nálinni, þótt að undanförunu virðist hafa keyrt um þverbak.

Skrað ökutæki hér á landi voru um síðustu áramót rúmlega sjötíu og átta þúsund talsins. Hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins fóru í fyrra fram rúmlega átján þúsund umskráningar bifreiða, þar sem eigendaskipti áttu sér jafnframt stað. Viðskipti með notaðar bifreiðar eru sennilega einhver algengasta tegund meiri háttar lausafjárkaupa, sem eiga sér stað manna á meðal hér á landi. Sýnt er, að hinn almenni borgari nýtur ekki þeirrar verndar löggjafans, sem nauðsyn ber til, í þessum viðskiptum. Það sanna mýmörg dæmi um féflettingu fjölmargra er ganga grunlausir til viðskipta við óprúttna aðila. Brýna nauðsyn ber því til að setja fastari reglur um þessi viðskipti, þar sem almenningur á verulegra hagsmuna að gæta.

Nánari grein verður gerð fyrir málinu í framsögu.